

## Eftirlit - Varúðarmerkingar - Uppþvottaefni-þvottaefni- mýkingarefni

Dagsetning	20. ágúst 2021
Fyrirtæki	Market ehf.
Heimilisfang	Smiðjuvegi 2, 200 Kópavogur
Kennitala	6106130710
Starfsemi	Stórmarkaðir og matvöruverslanir
Eftirlitsstaður	Plus Market, Hraunbergi 4, 111 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Anna Losz
Eftirlitsmaður	Fífa Konráðsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Przemyslaw Engel

### SAMANTEKT

Umhverfisstofnun barst ábending um að þvottaefni sem væru boðin til sölu hjá Plus Market ehf. í Hraunbergi 4, uppfyllti ekki tiltekin skilyrði efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingu og umbúðir efnavara og þvottaefna. Við eftirlit hjá Plus Market ehf. þann 20.8.2021 voru skoðaðar 9 vörur sem Market ehf. flytur inn og markaðssetur og eru til sölu hjá Plus Market í Hraunbergi 4. Vörurnar reyndust ekki uppfylla kröfur varðandi merkingar sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins. Stofnunin gerir kröfur um að frávik vegna merkinga verði lagfærð fyrir umræddar vörur.

### UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 20.8.2021, þar sem kynnt var eftirlit með efnavörum í kjölfar ábendingar um að vörur stæðust ekki kröfur efnalaga, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama og var markmið þess að skoða hvort vörurnar sem féllu undir umfang eftirlitsins uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004 um sama efni.

### MERKING

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP eru ákvæði um merkingar efnavara. Af þeim ákvæðum leiðir að birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 en eiga ekki við um þær vörur sem hér eru til skoðunar.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við framangreindar kröfur sbr. neðan- greindar vísanir í einstök ákvæði CLP.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörुकenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörुकenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
  - Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
  - Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í l. viðauka.
- Viðvörðunarorð (*Varúð* eða *Hætta*) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarmerkingar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

**Tafla 1:** Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í l. viðauka við CLP með síðari breytingum.

Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP.<sup>1</sup>

#### KRÖFUR UM SÉRSTAKAR MERKINGAR FYRIR ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni skulu merkingar þvotta- og hreinsiefna, sbr. 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Falli tiltekið efni eða efnablanda undir gildissvið reglugerðar um þvotta- og hreinsiefni gilda ákvæði CLP um merkingar hættulegra efna og efnablandna sem fyrr en til viðbótar koma til eftirfarandi merkingarskilyrði varðandi þvotta- og hreinsiefni sem seld eru almenningi:


- Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:
  - < 5%
  - ≥ 5% - < 15%
  - ≥ 15% - < 30%
  - ≥ 30%
- Tilgreina skal innihaldsefni úr eftirfarandi flokkum þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2%:
  - ensím
  - sótthreinsiefni
  - ljósvirk bleikiefni
  - ilmefni
  - rotvarnarefni
- Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.
- Gefa skal upp veffang þar sem nálgast má gagnablað yfir innihaldsefni.
- Veita skal leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur.

Jafnframt gilda ákveðnar kröfur varðandi skammtastærðir tauþvottaefna.

#### ÖRYGGISLOK

Ákvæði um barnheld öryggislok er a finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skyllt er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).



<sup>1</sup> Guidance on labelling and packaging in accordance with Regulation (EC) No 1272/2008 á vef ECHA (PDF): [https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp\\_labelling\\_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65](https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65)

- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórmetani (1% eða meira).

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.

#### ÁÞREIFANLEGAR VIÐVARANIR

Ákvæði um áþreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skylt er að setja áþreifanlega viðvörðun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunarfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).

Áþreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum.

#### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
Ariel – All in 1 pods – laundry detergent pods	8001090348869
Fairy clean & Fresh – Jabiko – dishwashing liquid	4015400956181
Fairy Original - dishwasher pods	8001841303673
Henkel – E – liquid detergent	9000101314854
Persil Color active gel - liquid detergent	9000101314854
Lenor Gold Orchid perfumelle - Fabric conditioner	8001841375762
Lenor Silk tree blossom – Fabric conditioner	8001090504876
Lenor Spring awakening – Fabric conditioner	8001090206855
Lenor Summer breeze – Fabric conditioner	8001090206893

Um er að ræða 9 vörur, þar af flokkast 5 þeirra sem hættuleg efni og falla því undir reglugerð um nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Af vörunum sem flokkast sem hættuleg efni inniheldur ein vara belgi með fljótandi þvottaefni (Ariel – all in 1 pods), tvær eru uppþvottaefni (Fairy clean & Fresh dishwashing liquid og Jabiko, Fairy Original dishwasher pod), tvær vörur eru fljótandi uppþvottaefni (Henkel -E-liquid detergent, Persil Color active gel).

Allar vörurnar falla undir reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Fjórar vörur (Lenor Gold orchid perfumelle, Lenor Silk tree blossom, Lenor Spring awakening og Lenor Summer breeze) eru múkingarefni.

**FRÁVIK<sup>2</sup>**

Vara	Lýsing	Birgir <sup>3</sup>
Ariel – All in 1 pods – laundry detergent pods	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p><i>Viðvörðunarorð</i> sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.  <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.  <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</p> <p>Skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta og hreinsiefni skal einnig lagfæra merkingar:</p> <p>Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:</p> <p style="text-align: center;">         &lt; 5%          ≥ 5% - &lt; 15%          ≥ 15% - &lt; 30%          ≥ 30%     </p> <p>Tilgreina skal innihaldsefni úr þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2% ef um ilmefni er að ræða.</p> <p>Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.</p>	Market ehf.

<sup>2</sup> Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

<sup>3</sup> Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

<p>Fairy clean &amp; Fresh – Jabiko – dishwashing liquid</p>	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p><i>Viðvörðunarráð</i> sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.  <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.  <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</p> <p>Skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta og hreinsiefni skal einnig lagfæra merkingar:</p> <p>Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:</p> <p style="text-align: center;">         &lt; 5%          ≥ 5% - &lt; 15%          ≥ 15% - &lt; 30%          ≥ 30%     </p> <p>Tilgreina skal innihaldsefni úr þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2% ef um ilmefni er að ræða.</p> <p>Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.</p>	
<p>Fairy Original - dishwasher pods</p>	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p>	

	<p><i>Viðvörðunarorð sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.</i> <i>Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</i> <i>Varnaðarsetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</i></p> <p>Skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta og hreinsiefni skal einnig lagfæra merkingar:</p> <p>Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>&lt; 5%</li> <li>≥ 5% - &lt; 15%</li> <li>≥ 15% - &lt; 30%</li> <li>≥ 30%</li> </ul> <p>Tilgreina skal innihaldsefni úr þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2% ef um ilmefni er að ræða.</p> <p>Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.</p>	
Henkel – E – liquid detergent	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p><i>Viðvörðunarorð sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.</i> <i>Hættusetningar í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</i></p>	

	<p><i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</p> <p>Skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta og hreinsiefni skal einnig lagfæra merkingar:</p> <p>Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:</p> <p style="text-align: center;">         &lt; 5%          ≥ 5% - &lt; 15%          ≥ 15% - &lt; 30%          ≥ 30%       </p> <p>Tilgreina skal innihaldsefni úr þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2% ef um ilmefni er að ræða.</p> <p>Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.</p>	
<p>Persil Color active gel - liquid detergent</p>	<p>Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku.</p> <p>Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til eru á vörulager fyrirtækis og í verslun sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <p><i>Viðvörðunorð</i> sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr.</p> <p><i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr.</p> <p><i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr.</p> <p>Skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta og hreinsiefni skal einnig lagfæra merkingar:</p>	



	<p>Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:</p> <p style="text-align: center;">&lt; 5% ≥ 5% - &lt; 15% ≥ 15% - &lt; 30% ≥ 30%</p> <p>Tilgreina skal innihaldsefni úr þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2% ef um ilmefni er að ræða.</p> <p>Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.</p>	
--	--	--

#### ÁBENDINGAR

Pegar mýkingarefni eru flutt inn og markaðsett þarf að hafa í huga að samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni skulu merkingar þvotta- og hreinsiefna, sbr. 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

#### Gagnablað

Samkvæmt reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni skal gefa upp veffang þar sem nálgast má gagnablað yfir innihaldsefni.

#### Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar

Vakin er athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftirfarandi slóð:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri.html>

Reykjavík, 6. september 2021

